

19. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta gjald til að standa undir kostnaði við seyrurhíðu og meðhöndlun. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við magn og tíðni seyrurhíðu. Heimilt er að innheimta seyrugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt rúmmáli og/eða þyngd seyrur eða öðru samkomulagi við viðkomandi, heimilt er jafnframt að taka gjald vegna aukalosana.

20. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið. Einnig er bæjarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekju-lítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

21. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

22. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyrur og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 19. janúar 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um hækkun sorphirðugjalda í Fjarðabyggð.

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og 7. gr. samþykktar nr. 153/2000 um sorphreinsun í Fjarðabyggð hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkt að hækka gjaldskrá fyrir híðu og eyðingu sorps í Fjarðabyggð nr. 56/2002. Í 2. gr. gjaldskrár verður sorphirðugjald 7.500 kr. og sorpeyðingargjald í 6.500 kr. á hverja tunnu. Hækkun gjalda var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 18. desember 2003 og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 23. janúar 2004.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.